

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 772/2004 2008/EES/14/29

frá 7. apríl 2004

um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um tækniyfifærslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾ einkum 1. gr.,að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð nr. 19/65/EBE er framkvæmdastjórninni heimilt að beita, með reglugerð, 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um tækniyfifærslu og samsvarandi samstilltum aðgerðum, sem falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr., ef eingöngu tvö fyrirtæki eiga aðild að samningnum.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur, samkvæmt reglugerð nr. 19/65/EBE, samþykkt reglugerð (EB) nr. 240/96 frá 31. janúar 1996 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um tæknilega yfifærslu ⁽³⁾.
- 3) Hinn 20. desember 2001 birti framkvæmdastjórnin matsskýrslu um reglugerð nr. 240/96 varðandi hópundanþágu fyrir samninga um tæknilega yfifærslu ⁽⁴⁾. Þessi skýrsla leiddi til almennrar umræðu um beitingu reglugerðar (EB) nr. 240/96 og almenna beitingu 1. og 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart samningum um tækniyfifærslu. Viðbrögð aðildarríkjanna og þriðju aðila við matsskýrslunni hafa almennt verið jákvæð gagnvart umbótum á samkeppnisstefnu Bandalagsins hvað varðar samninga um tækniyfifærslu. Því er rétt að fella reglugerð (EB) nr. 240/96 úr gildi.

- 4) Þessi reglugerð verður að standast þau tvö skilyrði að tryggja skilvirka samkeppni og að veita fyrirtækjum nægilegt réttaröryggi. Þegar unnið er að þessum markmiðum ber að taka mið af því að einfalda þarf reglurammann og beitingu hans. Rétt er að hverfa frá þeirri aðferð að telja upp undanþáguákvæði en leggja meiri áherslu á að skilgreina þá flokka samninga sem eru undanþegnir þar til tilteknum markaðsítökum hefur verið náð og tilgreina hvaða takmarkanir eða ákvæði mega ekki vera í slíkum samningum. Þetta er í samræmi við þá aðferð sem byggist á efnahagslegum forsendum og mati á áhrifum samninga á viðkomandi markað. Það er einnig í samræmi við slíka aðferð að gera greinarmun á samningum milli keppnauta og samningum milli aðila sem ekki eiga í samkeppni.

- 5) Samningar um tækniyfifærslu varða veitingu leyfa fyrir tækni. Slíkir samningar stuðla alla jafna að efnahagslegri skilvirkni og eru samkeppnishvetjandi þar sem þeir geta dregið úr tvítekingu rannsókna og þróunarstarfs, hvatt fyrirtæki til að leggja stund á frekari frumrannsóknir og þróun, hvatt til æ meiri nýsköpunar, auðveldað útbreiðslu og leitt til samkeppni á vörumarkaðnum.

- 6) Líkurnar á því að áhrif, er leiða til aukinnar skilvirkni og meiri samkeppni, vegi þyngra en hvers konar samkeppnishamlandi áhrif vegna takmarkana í samningum um tækniyfifærslu ræðst af markaðsstyrk hlutaðeigandi fyrirtækja og því í hve miklum mæli þessi fyrirtæki mæta samkeppni frá öðrum fyrirtækjum, sem ráða yfir tækniaðferðum sem geta komið hver í stað annarrar eða fyrirtækjum sem framleiða staðgönguvörur.

- 7) Í þessari reglugerð er eingöngu fjallað um samninga þar sem leyfisveitandi heimilur leyfishafa að hagnýta tæknina, sem leyfið nær til, hugsanlega eftir frekari rannsóknir og þróun af hálfu leyfishafa, til að framleiða vörur eða veita þjónustu. Ekki er fjallað um leyfissamninga í þeim tilgangi að láta undirvertaka annast rannsóknir og þróunarstarfsemi. Hún fjallar ekki um leyfissamninga til að koma á fót tæknisamlögum, þ.e.a.s. samninga um samnýtingu á tækniaðferðum í því skyni að veita þriðju aðilum leyfi fyrir heildarþakka hugverkaréttinda sem þannig hafa skapast.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjórnartíðindi. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 42/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 28.7.2005, bls. 24.

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi. EB 36, 6.3.1965, bls. 533/65. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1/2003 (Stjórnartíðindi. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjórnartíðindi. ESB C 235, 1.10.2003, bls. 10.

⁽³⁾ Stjórnartíðindi. EB L 31, 9.2.1996, bls. 2. Reglugerðinni var breytt með aðildarlögum frá 2003.

⁽⁴⁾ COM(2001) 786 lokaútgáfa.

- 8) Að því er varðar beitingu 3. mgr. 81. gr. með reglugerð er ekki nauðsynlegt að skilgreina þá samninga um tækniyfærslu sem gætu fallið undir 1. mgr. 81. gr. Við mat á einstökum samningum skv. 1. mgr. 81. gr., ber að taka tillit til ýmissa þátta, einkum gerðar og þróunar viðkomandi tækni- og vörumarkaða.
- 9) Ávinningurinn af hópundanþágu, sem komið er á með þessari reglugerð, skal takmarkast við þá samninga sem telja má með nokkurri vissu að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 81. gr. Til að njóta ávinnings og ná markmiðunum með tækniyfærslu er rétt að þessi reglugerð gildi einnig um þau ákvæði í samningum um tækniyfærslu sem eru ekki meginmarkmið slíkra samninga en tengjast beint nýtingu tækninnar sem leyfið nær til.
- 10) Að því er varðar samninga um tækniyfærslu milli keppinauta er hægt að líta svo á að ef samanlögð hlutdeild samningsaðila á viðkomandi mörkuðum fer ekki yfir 20% og samningarnir fela ekki í sér tiltekna strangar samkeppnishömlur, leiði þeir almennt til bættrar framleiðslu og dreifingar og þess að neytendur fái sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem af þeim hlýst.
- 11) Að því er varðar samninga um tækniyfærslu milli aðila sem ekki eiga í samkeppni er hægt að líta svo á að ef hlutdeild hvers samningsaðila á viðkomandi mörkuðum fer ekki yfir 30% og samningarnir fela ekki í sér tiltekna strangar samkeppnishömlur, leiði þeir almennt til bættrar framleiðslu og dreifingar og til þess að neytendur fái sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem af þeim hlýst.
- 12) Ekki er hægt að gera ráð fyrir að samningar um tækniyfærslu falli undir gildissvið 1. mgr. 81. gr. ef farið er yfir þessi viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild. Til dæmis fellur samningur um einkaleyfi milli fyrirtækja, sem ekki eiga í samkeppni, oft utan gildissviðs 1. mgr. 81. gr. Ekki er heldur hægt að gera ráð fyrir að samningar um tækniyfærslu, sem falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr., fullnægi ekki skilyrðum um undanþágu ef farið er yfir viðmiðunarmörk markaðshlutdeildar. Hins vegar er ekki heldur hægt að gera ráð fyrir að þeir muni að jafnaði hafa í för með sér þess konar ávinning og svo mikinn að hann vegi upp ókostina sem þeir skapa fyrir samkeppnina.
- 13) Ekki skal veita undanþágu samkvæmt þessari reglugerð fyrir samninga um tækniyfærslu, sem fela í sér takmarkanir sem eru ekki óhjákvæmilegar fyrir umbætur á framleiðslu og dreifingu. Einkum falla samningar um tækniyfærslu, sem í eru tiltekna strangar samkeppnishömlur, s.s. verðsamráð gagnvart þriðju aðilum, að meginreglu til, ekki undir hópundanþágu samkvæmt þessari reglugerð, án tillits til markaðshlutdeildar hlutaðeigandi fyrirtækja. Þegar um er að ræða slíkar alvarlegar takmarkanir ber að útiloka samninginn í heild frá hópundanþágu.
- 14) Til þess að hvetja fyrirtæki áfram til að stunda nýsköpun og tryggja að hugverkaréttur sé nýttur á réttan hátt skulu ákvæðnar takmarkanir útilokaðar frá hópundanþágu. Einkum ber að útiloka skuldbindingar um einkaleyfi á móti fyrir aðskiljanlegar umbætur. Ef leyfissamningur hefur að geyma slíka takmörkun skal eingöngu útiloka viðkomandi takmörkun frá hópundanþágunni.
- 15) Viðmiðunarmörk markaðshlutdeildar, þ.e. sú staðreynd að samningar um tækniyfærslu, sem hafa að geyma ákvæði sem takmarka samkeppni, fá ekki undanþágu og takmarkanirnar, sem eru útilokaðar samkvæmt þessari reglugerð, eru, að öðru jöfnu, trygging fyrir því að samningar þeir, sem hópundanþágan gildir um geri þáttökufyrirtækjunum ekki kleift að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar umtalsverðan hluta þeirra vörutegunda er um ræðir.
- 16) Í ákvæðnum tilvikum þar sem samningar, sem falla undir þessa reglugerð, hafa engu að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, skal framkvæmdastjórninni vera heimilt að fella niður hópundanþágu. Þetta getur einkum gerst ef dregið er úr hvata til nýsköpunar eða ef aðgangur að markaðnum er hindraður.
- 17) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna, sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans⁽¹⁾, veitir lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna umboð til að afturkalla ávinning af hópundanþágu að því er varðar samninga um tækniyfærslu, sem hafa áhrif sem eru ósamrýmanleg ákvæðum 3. mgr. 81. gr., ef slíkra áhrifa verður vart á yfirráðasvæðum þeirra, eða á hluta þeirra, og ef slíkt svæði ber einkenni sérstaks, landfræðilegs markaðar. Aðildarríkjunum ber að tryggja að meðferð þessa umboðs til afturköllunar hafi ekki áhrif á samræmda beitingu samkeppnisreglna Bandalagsins á sameiginlega markaðnum eða full áhrif aðgerðanna sem samþykktar hafa verið í tengslum við framkvæmd þessara reglna.
- 18) Til að styrkja eftirlit með samhliða netum samninga um tækniyfærslu, sem hafa hliðstæð áhrif til takmörkunar og ná yfir meira en 50% tiltekins markaðar, getur framkvæmdastjórnin lýst því yfir að þessi reglugerð gildi ekki um samninga um tækniyfærslu sem í eru tiltekna takmarkanir sem tengjast viðkomandi markaði og þar með sé ákvæði 81. gr. aftur beitt til fulls gagnvart slíkum samningum.

(¹) Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 411/2004 (Stjtið. ESB L 68, 6.3.2004, bls. 1).

19) Þessi reglugerð skal eingöngu taka til samninga um tækniyfærslu milli leyfisveitanda og leyfishafa. Hún skal taka til slíkra samninga jafnvel þótt þeir hafi að geyma skilyrði sem gilda um fleiri en eitt stig viðskipta, með því t.d. að krefjast þess að leyfishafi komi á fót sérstöku dreifikerfi og tilgreini þær skuldbindingar sem leyfishafa er skylt eða heimilt að leggja á endurseljendur vara sem framleiddar eru samkvæmt leyfi. Hins vegar skulu slík skilyrði eða skuldbindingar vera í samræmi við þær samkeppnisreglur sem gilda um birgða- og dreifingarsamninga. Birgða- og dreifingarsamningar, sem gerðir eru milli leyfishafa og viðskiptavina hans, skulu ekki undanþegnir samkvæmt þessari reglugerð.

20) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu 82. gr. sáttmálaus.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „samningur“: samningur, ákvörðun samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir,
- b) „samningur um tækniyfærslu“: einkaleyfissamningur, verkunnátusamningur, samningur um leyfisveitingu á höfundarrétti hugbúnaðar eða blandaður leyfissamningur fyrir einkaleyfi, verkunnáttu eða höfundarrétt hugbúnaðar, þ.m.t. hvers konar samningur af þessari gerð sem hefur að geyma ákvæði sem varða sölu eða kaup á vörum eða sem varða leyfisveitingu á öðrum hugverkarétti eða framsal á hugverkarétti, að því tilskildu að þessi ákvæði séu ekki meginmarkmið samningsins og tengist beint framleiðslu á samningsvörum. Einnig skal lítið á framsal einkaleyfa, verkunnáttu, höfundarréttar á hugbúnaði eða sambands af þessu, þar sem framseljandi ber áfram hluta áhættunnar sem fylgir hagnýtingu tækniáðferðarinnar, einkum ef upphæðin, sem greiða á sem endurgjald fyrir framsalið, fer eftir þeirri veltu sem framsalshafi nær, að því er varðar vörur sem framleiddar eru með viðkomandi tækni, magninu sem framleitt er af slíkum vörum eða fjölda framkvæmdra aðgerða þar sem tækninni er beitt, sem samninga um tækniyfærslu.
- c) „gagnkvæmur samningur“: samningur um tækniyfærslu þar sem tvö fyrirtæki veita hvort öðru í sama samningi eða aðskildum samningum einkaleyfi, verkunnáttuleyfi, leyfi

fyrir höfundarrétti á hugbúnaði eða blandað leyfi fyrir einkaleyfi, verkunnáttu eða höfundarrétt á hugbúnaði og þegar þessi leyfi varða tækniáðferðir í samkeppni eða hægt er að nota þau til þess að framleiða samkeppnisvörur.

- d) „samningur sem ekki er gagnkvæmur“: samningur um tækniyfærslu þar sem eitt fyrirtæki veitir öðru fyrirtæki einkaleyfi, verkunnáttuleyfi, leyfi höfundarréttar á hugbúnaði eða blandað leyfi fyrir einkaleyfi, verkunnáttu eða höfundarrétti á hugbúnaði eða þegar tvö fyrirtæki veita hvort öðru slíkt leyfi en þessi leyfi varða ekki tækniáðferðir í samkeppni og ekki er hægt að nota þau til þess að framleiða samkeppnisvörur.
- e) „vara“: vara eða þjónusta, þ.m.t. bæði millistigsvörur og -þjónusta og fullunnar vörur og þjónusta,
- f) „samningsvörur“: vörur sem eru framleiddar með tækninni sem leyfið nær til,
- g) „hugverkaréttur“: hugverkaréttur á sviði iðnaðar, verkunnáttu, höfundarréttar og skyldra réttinda,
- h) „einkaleyfi“: einkaleyfi, einkaleyfisumsóknir, nytjamynstur, umsóknir um skráningu nytjamynstra, hönnun, svæðislýsingar smárása á hálfleiðara, viðbótarvottorð um vernd vegna lyfja eða annarra vara sem hægt er að fá slík vottorð fyrir og vottorð ræktenda um einkarétt til plöntuafbrigðis,
- i) „verkkunnáttu“: safn hagnýtra upplýsinga sem einkaleyfi ná ekki yfir, eru afrakstur reynslu og tilrauna og eru:
 - i) leynilegar, ekki almennt þekktar eða aðgengilegar,
 - ii) umtalsverðar, þ.e.a.s. mikilvægar og gagnlegar vegna framleiðslu á samningsvörum, og
 - iii) sanngreindar, þ.e.a.s. lýst á nægilega skiljanlegan hátt til að unnt sé að sannreyna að verkunnáttan uppfylli skilyrðin um að hún sé leynileg og umtalsverð,
- j) „fyrirtæki í samkeppni“: fyrirtæki sem eiga í samkeppni á viðkomandi tæknimarkaði og/eða viðkomandi vörumarkaði, þ.e.a.s.:
 - i) fyrirtæki í samkeppni á viðkomandi tæknimarkaði eru fyrirtæki sem veita leyfi fyrir tækniáðferðum í samkeppni án þess að brjóta gegn hugverkarétti hvers annars (raunverulegir keppinautar á tæknimarkaðnum). Viðkomandi tæknimarkaður tekur til tækniáðferða sem leyfishafar telja jafngildar eða hliðstæðar tækniáðferðinni sem leyfið nær til sakir eiginleika tækniáðferðanna, einkaleyfisþóknana fyrir þær og fyrirhugaðrar notkunar,

- ii) fyrirtæki í samkeppni á viðkomandi vörumarkaði eru fyrirtæki sem, liggi samningur um tæknifyrfærslu ekki fyrir, bæði eru virk á viðkomandi vörumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum þar sem samningsvörurnar eru seldar án þess að fyrirtækin brjóti gegn hugverkarétti hvers annars (raunverulegir keppinautar á vörumarkaðnum) eða sem raunsætt er að álíta að legðu út í nauðsynlegar viðbótarfjárfestingar eða annan nauðsynlegan aðlögunarkostnað þannig að þau gætu nógu snemma komist inn á viðkomandi vörumarkaði eða landfræðilega markaði, án þess að brjóta gegn hugverkarétti hvers annars, til að bregðast við lítilli en varanlegri hækkun á hlutfallslegu verði (mögulegir keppinautar á vörumörkuðum). Viðkomandi vörumarkaður tekur til vara sem kaupendur telja jafngildar eða hliðstæðar samningsvörur sakir eiginleika varanna, verðs og fyrirhugaðrar notkunar,
- k) „sévalið dreifikerfi“: dreifikerfi þar sem leyfisveitandi skuldbindur sig til þess að veita eingöngu leyfshöfum, sem valdir eru á grundvelli tiltekinna viðmiðana, leyfi fyrir framleiðslu á samningsvörum og þar sem þessir leyfishafar skuldbinda sig til þess að selja ekki leyfisvörur dreifiaðilum sem ekki eru viðurkenndir,
- l) „einkasölusvæði“: landsvæði þar sem aðeins eitt fyrirtæki hefur heimild til að framleiða samningsvörur með tækninni sem leyfið nær til, með fyrirvara um möguleikann á að heimila öðrum leyfishafa að framleiða aðeins samningsvörur á því landssvæði fyrir tiltekinn viðskiptavin enda sé þetta seinna leyfi veitt til þess að útvega þeim viðskiptavini aðra birgðalind,
- m) „hópur einkaviðskiptavina“: hópur viðskiptavina sem aðeins eitt fyrirtæki hefur heimild til að selja samningsvörur, sem framleiddar eru með tækninni sem leyfið nær til, til á virkan hátt,
- n) „aðskiljanlegar umbætur“: umbætur sem hægt er að hagnýta án þess að það brjóti gegn tækninni sem leyfið nær til.
2. Merking hugtakanna „fyrirtæki“, „leyfisveitandi“, og „leyfishafi“ skal ná til viðkomandi tengdra fyrirtækja þeirra.

„Tengd fyrirtæki“:

- a) fyrirtæki þar sem samningsaðili, beint eða óbeint:
- ræður yfir meirihluta atkvæðisréttar eða
 - getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn eða framkvæmdastjórn félagsins eða hjá aðilum sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins eða
 - á rétt á að stýra rekstri fyrirtækisins,
- b) fyrirtæki sem hafa, beint eða óbeint, einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, í fyrirtæki sem á aðild að samningnum,
- c) fyrirtæki þar sem fyrirtæki, sem um getur í b-lið, hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,

- d) fyrirtæki þar sem samningsaðili og eitt eða fleiri fyrirtækjanna, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum, hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,
- e) fyrirtæki þar sem þau réttindi og völd, sem eru tilgreind í a-lið, eru sameiginlega í höndum:
- samningsaðila eða viðkomandi tengdra fyrirtækja sem um getur í a- til d-lið, eða
 - eins eða fleiri samningsaðila eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra, sem um getur í a- til d-lið, og eins eða fleiri þriðju aðila.

2. gr.

Undanþága

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. sáttmálans og samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar er því hér með lýst yfir að 1. mgr. 81. gr. gildir ekki um samninga um tæknifyrfærslu sem tvö fyrirtæki gera sín á milli og gera kleift að framleiða samningsvörur.

Þessi undanþága skal gilda að því marki að í slíkum samningum sé að finna samkeppnishömlur sem falla undir 1. mgr. 81. gr. Undanþágan gildir svo lengi sem hugverkaréttur fyrir tækni, sem leyfið nær til, hefur ekki fallið úr gildi, runnið út eða því lýst yfir að hann sé ógildur eða, þegar um er að ræða verkkunnáttu, eins lengi og verkkunnáttan helst leynileg, nema þegar verkkunnáttan verður almennt aðgengileg fyrir tilstilli leyfishafa en þá gildir undanþágan jafn lengi og samningurinn.

3. gr.

Viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild

1. Þegar fyrirtækin, sem eiga aðild að samningnum, eru fyrirtæki í samkeppni gildir undanþágan sem um getur í 2. mgr. að því tilskildu að samanlögð markaðshlutdeild fyrirtækjanna fari ekki yfir 20% af viðkomandi tæknimarkaði og vörumarkaði.

2. Þegar fyrirtækin, sem eiga aðild að samningnum, eru ekki fyrirtæki í samkeppni gildir undanþágan, sem um getur í 2. mgr., að því tilskildu að markaðshlutdeild fyrirtækjanna, hvers um sig, fari ekki yfir 30% af viðkomandi tæknimarkaði og vörumarkaði.

3. Í 1. og 2. mgr. er markaðshlutdeild samningsaðila á viðkomandi tæknimörkuðum skilgreind með tilliti til útbreiðslu tækninnar, sem leyfið nær til, á viðkomandi vörumörkuðum. Markaðshlutdeild leyfisveitanda á viðkomandi tæknimarkaði skal vera samanlögð markaðshlutdeild á viðkomandi vörumarkaði fyrir þær samningsvörur sem leyfisveitandi og leyfishafar hans framleiða.

4. gr.

Alvarlegar takmarkanir

1. Þegar fyrirtæki, sem eiga aðild að samningnum, eru fyrirtæki í samkeppni gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., ekki um samninga sem, beint eða óbeint, einir sér eða ásamt öðrum þáttum, sem eru undir stjórn samningsaðilanna, hafa að markmiði:

- a) að takmarka getu aðilans til að ákvarða verð sín þegar hann selur vörur til þriðju aðila,
- b) að takmarka framleiðslu, nema þegar um er að ræða takmarkanir á framleiðslu samningsvara sem lagðar eru á leyfishafa í samningi, sem ekki er gagnkvæmur, eða sem eingöngu eru lagðar á annan leyfishafann í gagnkvæmum samningi,
- c) að úthluta mörkuðum eða viðskiptavinum nema um sé að ræða:
 - i) skuldbindingu af hálfu leyfishafa til þess að framleiða með tækninni, sem leyfið nær til, eingöngu á einu eða fleiri tæknilegum notkunarsviðum eða einum eða fleiri vörumörkuðum,
 - ii) skuldbindingu af hálfu leyfisveitanda og/eða leyfishafa í samningi, sem ekki er gagnkvæmur, um að framleiða ekki með tækninni, sem leyfið nær til, á einu eða fleiri tæknilegum notkunarsviðum eða fyrir einn eða fleiri markaði eða eitt eða fleiri einkasölvsvæði sem eru frátekin fyrir hinn samningsaðilann,
 - iii) skuldbindingu af hálfu leyfisveitanda um að veita öðrum leyfishafa á tilteknu svæði ekki leyfi fyrir tækninni,
 - iv) takmörkun í samningi, sem ekki er gagnkvæmur, á virkri og/eða óvirkri sölu leyfishafa og/eða leyfisveitanda inn á einkasölvsvæði eða til hóps einkaviðskiptavina sem er frátekinn fyrir hinn aðilann,
 - v) takmörkun í samningi, sem ekki er gagnkvæmur, á virkri sölu leyfishafa inn á einkasölvsvæði eða til hóps einkaviðskiptavina sem leyfisveitandi hefur úthlutað öðrum leyfishafa svo fremi að hinn síðarnefndi sé ekki fyrirtæki sem er í samkeppni við leyfisveitanda á þeim tíma þegar hans eigið leyfi var gefið út,
 - vi) skuldbindingu af hálfu leyfishafa til þess að framleiða samningsvörur eingöngu til eigin nota að því tilskildu að leyfishafi þurfi ekki að takmarka sig við að selja samningsvörur, á virkan eða óvirkan hátt, sem varahluti í sínar eigin vörur,
 - vii) skuldbindingu af hálfu leyfishafa í samningi, sem ekki er gagnkvæmur, um að framleiða samningsvörur eingöngu fyrir tiltekinn viðskiptavin, hafi leyfið verið veitt til þess að skapa aðra birgðalind fyrir þann viðskiptavin,

d) takmörkun á getu leyfishafa til þess að hagnýta sína eigin tækni eða takmörkun á getu einhvers samningsaðila til þess að annast rannsóknir og þróun, nema slík síðari takmörkun sé óhjákvæmileg til þess að koma í veg fyrir að þriðja aðila berist vitneskja um verkkunnáttuna sem leyfið nær til.

2. Þegar fyrirtækin, sem eiga aðild að samningnum, eru ekki í samkeppni gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., ekki um samninga sem, beint eða óbeint, einir sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn samningsaðilanna, hafa að markmiði:

- a) að takmarka möguleika samningsaðila á því að ákveða söluverð sitt, með fyrirvara um möguleikann á að ákveða hámarkssöluverð eða leiðbeinandi söluverð, að því tilskildu að það jafngildi ekki föstu verði eða lágmarkssöluverði vegna þrýstings eða hvatningar frá einhverjum aðilanna,
- b) að takmarka það landsvæði eða þann hóp viðskiptamanna sem leyfishafa er heimilt að selja samningsvörurnar til á óvirkan hátt, nema um sé að ræða:
 - i) takmörkun á óvirkri sölu inn á einkasölvsvæði eða til hóps einkaviðskiptavina sem er frátekinn fyrir leyfisveitandann,
 - ii) takmörkun á óvirkri sölu inn á einkasölvsvæði eða til hóps einkaviðskiptavina sem leyfisveitandi úthlutar öðrum leyfishafa á fyrstu tveimur árunum sem þessi leyfishafi selur samningsvörur á því landsvæði eða til þess hóps viðskiptavina,
 - iii) skuldbindingu af hálfu leyfishafa um að framleiða samningsvörur eingöngu til eigin nota að því tilskildu að hann geti óhindrað selt samningsvörur á virkan og óvirkan hátt sem varahluti í sínar eigin vörur,
 - iv) skuldbindingu af hálfu leyfishafa til þess að framleiða samningsvörur eingöngu fyrir tiltekinn viðskiptavin, hafi leyfið verið veitt til þess að skapa aðra birgðalind fyrir þann viðskiptavin,
 - v) takmörkun á sölu leyfishafa, sem starfar á heildsölvustigi verslunar, til notenda,
 - vi) takmörkun á því að aðilar að sérvöldu dreifikerfi selji til dreifiaðila sem ekki eru viðurkenndir,
- c) að takmarka virka eða óvirka sölu leyfishafa, sem er aðili að sérvöldu dreifikerfi á smásölvustigi verslunar til notenda, með fyrirvara um möguleikann á að banna aðila að kerfinu að annast starfsemi sína frá starfsstöð sem hefur ekki fengið viðurkenningu,

3. Ef fyrirtækin, sem aðild eiga að samningnum, eru ekki fyrirtæki í samkeppni þegar samningurinn er gerður en verða fyrirtæki í samkeppni síðar, gildir 2. mgr. en ekki 1. mgr. fyrir allan samningstímann nema samningnum sé síðar breytt í veigamiklum atriðum.

5. gr.

Takmarkanir sem eru útilokaðar

1. Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gildir ekki um neina af eftirfarandi skuldbindingum sem felast í samningum um tækniyfifærslu:

- hvers konar beina eða óbeina skuldbindingu af hálfu leyfishafa um að veita leyfisveitanda eða þriðja aðila, sem leyfisveitandi tilnefnir, nýttjaleyfi vegna eigin aðskiljanlegra umbóta sem leyfishafi hefur gert eða nýrra notkunarmöguleika sem hann hefur fundið fyrir tæknina sem leyfið nær til,
- hvers konar beina eða óbeina skuldbindingu af hálfu leyfishafa um að framselja, að öllu leyti eða að hluta, til leyfisveitanda eða þriðja aðila, sem leyfisveitandi tilnefnir, réttindi á eigin aðskiljanlegum umbótum sem leyfishafi hefur gert eða nýjum notkunarmöguleikum sem hann hefur fundið fyrir tæknina sem leyfið nær til,
- hvers konar beina eða óbeina skuldbindingu af hálfu leyfishafa um að vefengja ekki gildi hugverkaréttar sem leyfisveitandi hefur á sameiginlega markaðnum, með fyrirvara um að hægt sé að slíta samningi um tækniyfifærslu ef leyfishafi vefengir gildi eins eða fleiri leyfa sem fela í sér hugverkarétt.

2. Ef fyrirtækin, sem eiga aðild að samningnum, eru ekki í samkeppni gildir undanþágan, sem um getur í 2. gr., ekki um neina beina eða óbeina skuldbindingu sem takmarkar getu leyfishafans til að hagnýta sína eigin tækni eða sem takmarkar getu samningsaðila til að annast rannsóknir og þróun, nema síðari takmörkunin sé óhjákvæmileg til að koma í veg fyrir að verkunnáttu sé ljóstrað upp við þriðju aðila.

6. gr.

Afturköllun í einstökum tilvikum

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að afturkalla þann ávinning, sem hlýst af þessari reglugerð, í samræmi við 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, ef hún telur að í einhverju tilteknu tilviki hafi samningur um tækniyfifærslu, sem undanþágan sem um getur í 2. gr. gildir um, engu að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, einkum þar sem:

- aðgengi fyrir tækniáðferðir þriðju aðila að markaðnum er takmarkað, t.d. vegna samlegðaráhrifa samhliða neta svipaðra hamlandi samninga sem banna leyfishöfum að nota tækniáðferðir þriðju aðila,
- aðgengi mögulegra leyfishafa að markaðnum er heft, t.d. vegna samlegðaráhrifa samhliða neta svipaðra hamlandi samninga þar sem leyfisveitendum er bannað að veita öðrum leyfishöfum leyfi,
- samningsaðilar hafa ekki nýtt tæknina, sem leyfi nær til, án þess að færa efnisleg rök fyrir því,

2. Ef samningar um tækniyfifærslu, sem undanþáguákvæðið í 2. gr. gildir um, hafa í einhverju tilteknu tilviki áhrif, sem ekki eru í samræmi við ákvæði 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, á

yfirráðasvæði aðildarríkis eða hluta þess sem hefur öll einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar er samkeppnisyfivaldinu í því aðildarríki heimilt að afturkalla ávinninginn af þessari reglugerð á því yfirráðasvæði á grundvelli 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, við sömu aðstæður og lýst er í 1. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

Frávik frá beitingu þessarar reglugerðar

1. Samkvæmt 1. gr. a í reglugerð nr. 19/65/EBE getur framkvæmdastjórnin ákveðið að lýsa því yfir með reglugerð að þar sem samhliða netkerfi svipaðra samninga um tækniyfifærslu ná yfir meira en 50% af viðkomandi markaði skuli reglugerð þessi ekki gilda um samninga um tækniyfifærslu sem í eru tilteknar hömlur sem varða þann markað.

2. Reglugerð samkvæmt 1. mgr. skal ekki koma til framkvæmda fyrr en sex mánuðum eftir að hún er samþykkt.

8. gr.

Beiting viðmiðunarmarkna fyrir markaðshlutdeild

1. Að því er varðar beitingu viðmiðunarmarkna markaðshlutdeildarinnar, sem kveðið er á um í 3. gr., gilda reglurnar sem eru settar fram í þessari málsgrein.

Markaðshlutdeild skal reiknuð á grundvelli söluandvirðis. Ef upplýsingar um söluandvirði liggja ekki fyrir má nota mat, byggt á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum, þ.m.t. solumagn á markaði, til að ákvarða markaðshlutdeild hlutaðeigandi fyrirtækis.

Markaðshlutdeildin skal reiknuð út á grundvelli gagna frá næstliðnu almanaksári,

Markaðshlutdeild fyrirtækjanna, sem um getur í e-lið 2. mgr. 1. gr., skal skipt jafnt milli þeirra fyrirtækja sem hafa þau réttindi eða heimildir sem tilgreindar eru í a-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 1. gr.

2. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í 1. eða 2. mgr. 3. gr., er ekki meiri en annars vegar 20% og hins vegar 30% en fer síðar yfir þessi mörk, gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., áfram samfellt næstu tvö almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 20% eða 30% markaðshlutdeild.

9. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 240/96 falli hér með úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldar reglugerðir sem tilvísanir í þessa reglugerð.

10. gr.

Aðlögunartímabil

Bannið, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, gildir ekki á tímabilinu frá 1. maí 2004 til 31. mars 2006 að því er varðar samninga, sem hafa öðlast gildi 30. apríl 2004 og uppfylla ekki skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 240/96.

11. gr.

Gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 2004.

Hún fellur úr gildi 30. apríl 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.